

15. september 2016

Aðalfundarboð

Ágæti formaður félagsdeildar

Stjórn Félags framhaldsskólakennara kallar saman aðalfund félagsins vegna málefna Vísindasjóðs FF og FS. Sökum alvarlegs trúnaðarbrests innan stjórnar Vísindasjóðs sem og milli stjórnar FF og VÍS FF/FS verður ekki hjá því komist að kalla aðalfund saman og fjalla um málið. Þar mun stjórn FF leggja til að kosin verði ný stjórn Vísindasjóðs.

Aðalfundarfulltrúar fjölluðu um málið þann 8. apríl sl. á aukaaðalfundi, sem og á árlegum fulltrúafundi félagsins, þann 9. september sl.

Þar var eftirfarandi ályktun samþykkt:

*Fulltrúafundur Félags framhaldsskólakennara haldinn á Grandhótelum þann 9. september 2016 styður ákvörðun stjórnar félagsins að kalla saman aðalfund og kjósa nýja fulltrúa FF í stjórn Vísindasjóðs Félags framhaldsskólakennara og Félags stjórnenda í framhaldsskólum.*

Samkvæmt lögum félagsins eru aðalfundarfulltrúar kosnir til fjögurra ára og því eru þeir aðalfundarfulltrúar sem sátu aðalfund félagsins árið 2014 hér með boðaðir á fundinn.

Hafi einhverjar breytingar orðið á stöðu kjörinna aðalfundarfulltrúa í félagsdeildum er reglan sú að kjörnir varamenn taka sætið. Sé varamaður ekki tiltækur biðjum við formenn félagsdeilda að boða til fundar í sinni félagsdeild og kjósa nýja fulltrúa skv. lögum félagsins.

Fundurinn verður haldinn mánudaginn 7. nóvember kl 15:00 og boðið verður upp á fjarfundarbúnað svo aðalfundarfulltrúar utan af landi geti fylgst með fundinum í gegnum netið og kosning mun fara fram á vef KÍ, Mínum síðum. Ferðakostnaður verður greiddur fyrir þá sem það kjósa og gilda reglur KÍ um greiðslu ferðakostnaðar eins og venjulega.

Nánari upplýsingar og leiðbeiningar verða senda til ykkar á næstu dögum en á dagskrá er bara eitt mál – Kosning í stjórn Vísindasjóðs FF og FS.

Meðfylgjandi er listi yfir aðalfundarfulltrúa og reglur KÍ um greiðslu ferðakostnaðar.

Kveðja,

Guðríður Arnardóttir